

AUGLÝSING**um umferð í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.**

Vegna óvenju mikillar bifreiðaumferðar um svonefndan Stapafellsveg frá Stapafelli að Keflavíkurlflugvelli í sambandi við mannvirkjagerð á flugvellinum, er hér með ákveðið samkvæmt heimild í 4. málsgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að umferð um Stapafellsveg hafi forgangsrétt fyrir umferð um Hafnaveg, þar sem vegir þessir skerast í Hafnahreppi. Gildir þetta ákvæði frá og með 10. júní 1972, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 8. júní 1972.

Einar Ingimundarson.

15. júní 1972.

Nr. 250.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Niðurlag 2. töluliðar auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 breytist þannig, að í stað orðanna „svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa stöðvunarskyldu við gatnamót Hábrautar“ komi: svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa biðskyldu skv. ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, við gatnamót Hábrautar.
2. Á tengivegi frá Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut (vestan Hafnarfjarðarvegar) eru allar stöður bifreiða bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. júní 1972.

Sigurgeir Jónsson.

23. júní 1972.

Nr. 251.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á akbraut Ljósheima að norðaustanverðu frá Álfheimum að stíg, sem liggur á milli Ljósheima og Sólheima.